

Nr. 1180

27. desember 2006

GJALDSKRÁ fyrir hreinsun og losun rotþróa í Eyjafjarðarsveit.

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Eyjafjarðarsveit skal húseigandi greiða árlegt þjónustugjald, rotþróargjald, sbr. 4. gr. samþykktar nr. 671/2003, um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar á Norðurlandi eystra að undanskildum Húsavíkurbæ.

2. gr.

Þróargjald fyrir árið 2007 skal vera kr. 5.785 fyrir þrær undir 3600 l að rúmmáli og kr. 8.834 fyrir 3600 l þrær eða stærri.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar 15. desember 2006, sbr. heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, hefur jafnframt verið samþykkt af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og tekur þegar gildi.

Eyjafjarðarsveit, 27. desember 2006.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 17. janúar 2007